



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 27.09.2011 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

1. fundargerð síðasta fundar - samþykkt
2. 8 mánaða uppgjör
  - Gjaldkeri gerði grein fyrir 8 mánaða uppgjöri félagsins. Umræður um fyrirsjáanlega erfiðleika í sjóðsstreymi næstu mánaða.
3. áætlanir vetrariþróttadeilda
  - Gjaldkeri fór yfir stöðu áætlanagerðar deilda. Umræður um fyrirkomulag styrkveitinga til deilda og mögulegar breytingar á verklagi.
  - Gjaldkeri og framkvæmdastjóri munu leggja fyrir aðalstjórn samandregið yfirlit yfir stöðu deilda og útkomuspá fyrir árið 2011, auk tillagna um útdeilingu afreksstyrkja fyrir nýhafið tímabil.
4. ársþing UMFÍ
  - Jóhann Steinar Ingimundarson og Vala Guðný Guðnadóttir munu sækja ársþing UMFÍ í október.
5. fundur með bæjaryfirvöldum
  - Formaður kynnti undirbúning fyrirhugaðs fundar með bæjaryfirvöldum. Áhersla félagsins á fundinum verður á kynningu á starfi félagsins auk þess að upplýsa um stöðu félagsins. SB lýsti sig ósammála efnistöfum og undirbúningi fundarins.
6. stefnumótunarvinnan framundan
  - VE kynnti upplegg stefnumótunarvinnunar og samkomulag við Capacent um þátttöku í verkefninu. Aðalstjórn samþykkir kaupa þjónustu að Capacent fyrir allt að 530 þús vegna verkefnisins.
7. bréf til aðalstjórnar frá fyrrverandi stjórnarmönnum handknattleiksdeildar
  - Formaður fór yfir bréfaskrifir fyrrum forystumanna handknattleiksdeildar. Aðalstjórn ítrekar fyrri afstöðu sína til málsins með vísan til bókunar á fundi stjórnarinnar 25.08.2011. Málið telst afgreitt á vettvangi aðalstjórnar.
8. starfsmannamál
  - Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir íþróttafulltrúi félagsins hefur sagt starfi sínu lausu. Beðið verður með ráðningu í starfið þar til niðurstaða stefnumótunar félagsins liggur fyrir. Framkvæmdstjóra falið að ganga frá starfslokum íþróttafulltrúa og tryggja yfirsýn yfir verkefni sem hún hefur haft með höndum.
9. starfskjör framkvæmdastjóra
  - Framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið.
  - Formaður gerði grein fyrir viðræðum við framkvæmdastjóra um breytingar á ráðningarsamningi. Formanni falið að ganga frá samkomulagi við framkvæmdastjóra um breytt starfskjör.
10. Önnur mál
  - Formaður gerði grein fyrir erindi frá meistaraflokki kvenna í handknattleik varðandi erlendan leikmann. Framkvæmdastjóra falið að ræða við handknattleiksdeild.

Fundi slitið kl 21:15.

Ritað PGr